

**Ed.**

**568. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

(Eftir 2. mnr. í Ed.).

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist þannig:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir islenskan ríkisborgararétt, sér framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem hann hefir dvalið 2 ár samfleytt bú-

andi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki þegið endurkræfan eða óendurkræfan sveitarstyrk á síðustu 2 árum.

## 2. gr.

Aftan við 65. gr. fátækralaganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður rikissjóður að greiða sveitarstyrk erlendis með þurfamanni, sem á framfærslusveit hér á landi, eða kostnað við flutning hans og fjölskyldu hans frá útlöndum, og á hann þá rétt til endurgjalds hjá framfærslusveit þurfalingsins á þeirri upphæð, er hann hefir þannig lagt fram. Á þetta jafnt við um þá þurfalinga, sem fengið hafa slíkan styrk hjá fátækrastrjórn á þeim stað erlendis, þar sem þeir voru staddir er styrkurinn var veittur, sem um þá menn, sem fengið hafa styrk hjá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn eða hjá öðrum umboðsmönnum ríkisins erlendis, samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í fjárlögum til styrktar nauðstöddum Íslendingum erlendis, en sá styrkur telst sveitarstyrkur, ef hann er eigi endurgreiddur af styrkþega innan mánaðar frá veitingu hans.

Sama gildir, ef slíkur framfærslustyrkur eða flutningskostnaður er greiddur á annan hátt úr rikissjóði.

## 3. gr.

66. gr. orðist þannig:

Oddvitum sveitarstjórna og bæjarstjórna ber fyrir lok marzmánaðar ár hvert að senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um fátækraframfæri í hreppum eða kaupstöðum fyrir umliðið ár í því forni, sem ráðuneytið ákveður. Ennfremur ber þeim samtímis að senda ráðuneytinu nákvæma tölu íbúa hreppsins eða kaupstaðarins í árslok eða á þeim tíma, sem manntal var síðast tekið á árinu af presti eða öðrum hlutaðeigandi embættismanni. Ber þeim að útvega skýrslu hlutaðeigandi embættismanns og láta hana fylgja.

Sýslumenn skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá, og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt bar að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarendi skýrslur úr umdæmum þeirra.

## 4. gr.

67. gr. orðist þannig:

Nú fara samanlögð fátækraútgjöld sveitarfélags samkv. skýrslum þeim, er í 3. gr. getur, fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu, miðað að  $\frac{1}{3}$  hluta við tölu þeirra karla og kvenna, er greiða eiga gjald til ellistyrktarsjóðs, að  $\frac{1}{3}$  hluta við skattskyldar tekjur, að  $\frac{1}{6}$  hluta við skuldlausar eignir og að  $\frac{1}{6}$  hluta við fasteignamat, og greiðast þá  $\frac{2}{3}$  hlutar af því, sem þar er fram yfir, úr rikissjóði. Þó greiðist aldrei minni upphæð en 100 kr.

5. gr.

Nú skuldar sveitarfélag öðru sveitarfélagi verulega fólgu vegna sveitarstyrks, sem þurfalangi þess hefir verið veittur af hinu siðartalda fyrr en á árinu 1932, og skal þá ráðuneytið rannsaka hag hins fyrrtalda og meta gjaldþol þess. Telji ráðuneytið hlutaðeigandi sveitarfélag eigi fært um að endurgreiða alla skuldina, skal ráðuneytið leita samninga um greiðslu hennar við það sveitarfélag, sem skuldina á, og má þá, ef samningar takast, greiða úr rikissjóði nokkurn hluta hennar, þó aldrei frekara en það, sem vanta kann á, að sveitarfélag það, sem skuldina á að lúka, geti greitt helming hennar. Samningurinn skal bundinn við það, að sá hluti skuldarinnar, sem um er samið að greiða, sé goldinn þegar í stað, enda falli þá hinn hluti skuldarinnar niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1935. Kostnað þann, sem áfallinn er samkv. 66. og 67. gr. fátækralaganna, her að greiða úr rikissjóði til þess tíma, er lögin öðlast gildi, á sama hátt og hingað til. Þó miðast fyrsta framlag rikissjóðs samkvæmt 4. gr. þessara laga við fátækraútgjöld sveitarfélaganna allt árið 1932.